

Námskeið: Bankahrúnið.

Háskóli Íslands, haust 2014

Kennari: Guðni Thorlacius Jóhannesson.

Nemandi: Arnar Sverrisson (20451-4859)

*Svar við dagbókarverkefni 3: Sinnuleysi: Er það ekki lykilatriðið til að skilja orsakir hrunsins?*

Samkvæmt orðabók Menningarsjóðs er sinnuleysi; framtaksleysi, sljóleiki, rænuleysi og hugsunarleysi. Sinnulaus maður er sljór, hugsunarlaus. Nafnorðið, sinna, merkir hugur, athygli, áhugi og ræna. Sögnin, að sinna, merkir að skipta sér af, hugsa um, hirða um, fylgja, styðja, liðsinna.

Að þessu sögðu virðist einsýnt og brýnt að greina, hvaða þátt hrunsins er átt við, og hverjir eiga í hlut. Og svo þarf að skoða, hvort leikendur hrunsins hafi jafnvel verið afskiptalausir eða sýnt framtaksleysi af ásettu ráði, sýnt áhuga á að vera áhugalausir og ekki hirt um að liðsinna eða skipta sér af. Hvert skal beina sjónum?

Guðni Th. Jóhannesson skilgreinir grundvallarvandann: „Á nokkrum árum hafði byggst hér upp bankakerfi sem varð meira en tíu sinnum stærra en ríkið sjálft, og í því fólst hinn djúpstæði grundvallarvandi. En hvoru var þá um að kenna, stækkun bankakerfisins eða sinnuleysi stjórnvalda? „ (Hrúnið, bls. 61.)

Gæti „valið sinnuleysi“ jafnvel skýrt stækkun bankakerfisins? Er um aðskildar orsakir að ræða? Þessu atriði beini ég augum að sérstaklega. Hollt vegarnesti við slíka skoðun eru eftirfarandi orð Ásdísar R. Magnúsdóttur og Björns Þorsteinssonar:

Í þessu samhengi er hollt að hugsa til þess a íslenska efnahagsbólán, eins og aðrar slíkar, þreifst á ákveðnu þegjandi samkomulagi sem kenna má við átrúnað og mátti fyrir enga muni rjúfa. Fylgispektin við þessa ásköpuðu meðvirkni var algjör, eins og sjá má á fjölmörgum dæmum úr opinberri umræðu á Íslandi í „góðærinu“ um þau harkalegu viðbrögð sem hvers kyns efasemdir um flekkleysi markaðshyggjunnar vöktu. Varðhundur valdsins bitu þar óspart frá sér en fara nú með veggjum – en óhætt er að fullyrða að betri skilningur ráðamanna og almennra borgara á helstu verðmætum og lágmarksþekking á sögulegum staðreyndum hefði getað komið í veg fyrir hrúnið.“ (Ritið: 2-3/2009, 9 árgangur.bl. 4.)

Það er varla umdeilt, að einkavæðing bankanna var mikilvægur grundvöllur að vexti þeirra í því alþjóðaumhverfi fjármálavafsturs, sem þá var við lýði. Það er einnig almælt, að hér var að miklu leyti um einkavinavæðingu að ræða, þ.e. bankarnir voru seldir stuðningsmönnum þeirra stjórnmalaflokka, sem lengi hafa haft sterki ítök í íslensku fjármála- og atvinnulífi. Bankarnir voru því ódýrir. Hluti góssins var að sjálfsögðu sú viðskiptavild, sem fólst í fyrrum ríkisábyrgð. Þess vegna m.a. voru bankarnir hátt skrifaðir á markaði og nutu mikils lánstrausts.

Sé í þessu sambandi litið til hagsmuna íslenskra skattgreiðenda velkist varla nokkur maður í vafa um, að hér er um að ræða „sinnuleysisásetning“ og valdbeitingu, þar sem „man vender

det blinde öje til,“ sýnir rænuleysi gagnvart hagnunum skattgreiðenda til að tryggja hagsmuni flokksaðinga. Hlutaðeigendur hafa vafalítið breytt gegn betri sögulegri vitund.

Sömu stjórnámamenn og hér um ræðir, komu að athugasemdalausri aðlögun Íslands að meingallaðri löggjöf um störf fjármálafyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Það væri hér um bil að setja rós í hnappagat íslenskra stjórnámamanna að ætla þeim þá árvekni að hafa rekið augun í nefnda galla, þ.e. ábyrgð ríkissjóðs á innlánnum banka með starfsstöð á Íslandi. En þegar bankakerfið fór að þenjast út, mætti jafnvel gera umhugsunarkröfu til þjöllusauðanna á Alþingi. Og jafnvel ennþá frekar til fjármálavarðhundanna í Seðlabankanum, Fjármálaráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu. En sem kunnugt er heyrðist varla hósti né stuna úr þeim herbúðum, sem skipti máli. Allavega sátu hvorir tveggju með hendur í skauti. Hugsanlega er hér er um vítavert rænuleysi að ræða, sem hugsanlega má skýra sem hæfnisskort og fylgispekt í meðvirkni. En varnarræður málsmetandi stjórnámamanna á Alþingi, forseta og ráðherra í útlöndum fyrir útrás bankanna, bera ekki einungis vott um rænuleysi heldur stórkostlegt ábyrgðarleysi.

Ásdís og Björn gefa ljóslega í skyn, að í aðdraganda hrunsins hafi fólk almennt verið í einhvers konar vímu. Fólk í vímu er – eins og gefur að skilja – skeytingarlaust, rænulaust og framtakslaust í öðrum greinum en þeim að fullnægja vímuþörfum sínum. Víman var takmarkalaus sjálfumgleði og græðgi. Þjóðin varð, eins og Narsiskus forðum, ástfangin af sjálfri sér. Og allir vita hvers konar „geðveiki“ það felur í sér að vera ástfanginn. Hinn ástsæli öðlast engilásjónu dýrlingsins, er upphafinn. Trúlega útskýrir sjálfsástarsinnuleysið að töluverðu leyti, hvers vegna brunnurinn var ekki byrgður, áður en barnið datt í hann. En „ásetningssinnuleysið“ lýsir engu öðru en kaldrifjaðri og glæpsamlegri hagsmunagæslu.